

Umhverfisráðuneytið
Sigurður Þráinsson
deildarstjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. október 2008
2008100002/42-0
TB

Ramsarsvæði, Hvanneyri

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 2. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Landbúnaðarháskólans að Hvanneyri um að friðlandið við Hvanneyri verði tilkynnt á votlendisskrá Ramsar.

Umsögn

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að umhverfisráðherra hefur falið Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun að vinna að tillögum að þremur svæðum sem mætti tilnefna á Ramsar lista yfir votlendissvæði. Einungis þrjú Ramsarsvæði eru á Íslandi en margfalt fleiri svæði uppfylla viðmið sem alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Ísland hefur t.d. sett 61 svæði á svokallaðan IBA lista yfir mikilvæg alþjóðleg fuglasvæði en mörg þeirra svæða eru votlendi og stór hluti þeirra hefur alþjóðlegt gildi. Náttúrufræðistofnun telur að hið friðlýsta svæði á Hvanneyri uppfylli viðmið Ramsarsamningsins sem alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir fugla fyrst fremst vegna þess að um 10 % af blesgæsastofninum nýtir sér svæðið á leið sinni vestur um haf en einnig eru önnur viðmið uppfyllt sbr. lið 14 í umsókn. Eins og kemur fram í umsókn Landbúnaðarháskólans er viðkomandi svæði nú þegar friðlýst sem búsvæði blesgæsar.

Náttúrufræðistofnun telur ekkert því til fyrirstöðu að tilnefna framangreint svæði sem Ramsarsvæði en verndarstaða svæðisins ætti að auðvelda mjög formlegan feril málsins. Náttúrufræðistofnun telur hins vegar að eðlilegt sé að þetta svæði standi utan við val á þremur svæðum sem stofnuninni hefur verið falið að vinna að undirbúningi til tilnefningar á Ramsarlistann í samvinnu við Umhverfisstofnun. Við val á þeim svæðum telur Náttúrufræðistofnun að réttara sé að líta til landsins í heild og velja þrjú svæði út frá verndargildi þeirra á lands- og heimsvísu.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill koma með eftirfarandi ábendingar varðandi umsóknareyðublað (RIS sheet) Landbúnaðarháskólans:

- Ekki er samræmi milli hnita í auglýsingu nr. 364/2002 og í umsóknareyðublaði.
- Í lið 9 má miskilja texta, þar sem svæðinu er lýst, þannig að allar óseyrar Hvítár séu innan fyrirhugaðs „Ramsarsvæðis“ en einungis er um að ræða hluta þeirra.
- Í lið 11 í umsókn er óljóst í texta hvort svæðið er 1744 ha eða 1944 ha. Auglýsingin nær til 1744 ha.

4. Í lið 14 í umsókn segir Greenland White-fronted Geese are..... at Hvanneyri is essential for the continuing well-being of the population both locally in western Iceland as well as internationally for various bird species. Að mati NÍ á textinn eingöngu að eiga við blesgæs sem verpir ekki á Íslandi. Textan má misskilja þannig að stofninn sé að hluta staðbundin og/eða að viðmiðið eigi einnig við um aðrar fuglategundir. Skýra þarf textan þannig að skýrt komi fram að svæðið sé alþjóðlega mikilvægt sem viðkomustaður fyrir blæsgæsastofninn. Ekki hefur verið sýnt fram á að þetta eigi við um aðrar tegundir.

5. Í lið 26 í umsókn er ekkert fjallað um hvort Borgarfjarðarbrúin hafi áhrif á óshólmasvæðið t.d. hvað varðar hraða á upphleðslu setlaga og strauma. Náttúrufræðistofnun Íslands er ekki kunnugt um hvort þetta sé niðurstaða út frá könnunum, ágiskun eða reynsla.

6. Í lið 27 í umsókn vantar að tilgreina IUCN verndarflokk, líklegast er hér um flokk IV að ræða.

7. Í lið 32 og 33 í umsókn vantar að tilgreina Umhverfisstofnun en stofnunin fer með leyfisveitingarvald á hinu firðlýsta svæði sbr. auglýsingu.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS